

8
12. jan.

Reglugjörð

um viðauka við reglugjörð 21. maí 1908, um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnnum.

Auk stjórnarvalda þeirra, er talin eru í 1. gr. reglugjörðar 21. maí 1908, um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnnum, skal hagstofa Íslands talin meðal stjórnarvalda þeirra, er getur um 11. gr. a. 1. og 12. gr., sbr. 14. gr. í pótlögnum 16. nóv. 1907.

Í stjórnarráði Íslands, 12. janúar 1914.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

9
14. jan.

Reglugjörð

fyrir eldvarna- og slökkvilið í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Vestmannaeyjum skal falin 5 manna nefnd, og eiga sæti í henni sýslumaður sem formaður, oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri og 2 menn, er hreppsnefndin kys til þriggja ára í senn.

2. gr.

Brunamálanefnd skal hafa eftirlit með, að hlýtt sje fyrirmælum laganna um varnir gegn eldsvoða, að eldvarnaáhöld sjeu útveguð og þeim haldið við í góðu ástandi. Hún skipar fyrir um hið árlega eftirlit með eldstæðum, reykháfum, um hreinsun reykháfa, og um varúð alla, er hafa skal í húsum til að fyrirbyggja eldsuppkomu.

3. gr.

Eldvarna- og slökkvilið skiftist í þessa flokka:

I. Slökkvilið, er skiftist í

a. Slökkvivjelalið.

b. Vatnsburðarlið.

II. Húsrifs- og bjarglið.

III. Lögreglulið.

9

14. jan.

Fyrir hvern flokk um sig skipar brunamálanefndin yfirmann, undirforingja varamenn og aðstoðarmenn eftir þörfum. Hún ákveður tölu liðsmanna í hverjum flokki, og skipar fyrir um einkennisbúninga og merkiskjöldu.

4. gr.

Þegar brunakall er hafð, er slökkvivelaliðið skyldugt til, svo fljótt sem mögulegt er, að mæta við slökkvivelahúsið, og það skal neyta allra krafta til að koma slökkvivelunum að eldstöðvunum sem allra hraðast. Allir aðrir eru skyldir að mæta þegar við eldstöðvarnar.

5. gr.

Það er skylda slökkviliðsins að vinna að því af fremsta megni, að slökkva eld, er upp kann að koma í kaupúninu eða hreppnum, þannig að eigi standi hættu af, og takmarka útbreiðslu eldsins svo sem mögulegt er. Enginn slökkviliðsmaður má fara burt frá eldstöðvunum, fyr en yfirmaður slökkviliðsins gefur til þess merki. Slökkviliðið er, gegn hæfilegri þóknun, er slökkviliðsstjóri og sýslumaður í hvert sinn ákveða, skyldugt til að kæfa eld í rústum og ryðja þær, ef þess er óskað.

6. gr.

Það er skylda bjargliðsins að bjarga úr eldsvoða mönnum og skepnum og verðmætum munum. Húsgirðingar og annað, er aukið getur eldinn, eða hindrað slökkvivelarnar, skulu þeir rífa niður, að því leyti sem það er nauðsynlegt eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Þegar eigi þarf á neinu slíku starfi að halda, eru þeir skyldir til að aðstoða slökkvivelaliðið.

7. gr.

Það er skylda lögregluliðsins að halda á reglu við eldsvoða og við æfingar slökkviliðsins, varna óviðkomandi mönnum að koma nærri eldstöðvunum, og má banna alla umferð um götur, þar sem þess þarf. Lögregluliðið skal gæta þess, að mannþyrpingar hindri ekki eða tefji slökkvivelaliðið eða aðrar liðdeildir slökkviliðsins. Það sjer um, að inn í hús, sem í eldhættu eru, fari enginn nema húsbúar sjálfir og bjargliðið. Það sjer um vörslu á björguðu gósi, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er fyrir slysum verða, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

8. gr.

Hinar nánari starfsreglur fyrir hvern liðsflokk um sig semur slökkviliðsstjóri með ráði brunamálanefndar, og skulu yfirmenn flokkanna birta þær liðsmönnum sínum sem fyrirskipanir.

9

9. gr.

14. jan.

Slökkviliðsstjóri hefir á hendi allar framkvæmdir, er að eldvörnum lúta, og stjórnar slökkviliðinu í heild sinni við eldsvoða og við æfingar. Hann hefir eftirlit með slökkviáhöldum hreppsins, heldur skrá yfir þau og sjer um að þau sjeu í reglu og ætíð til taks. Hann hefir eftirlit með því, að yfirmaður hvers flokks færi nákvæma nafnaskrá yfir undirforingja, varamenn, aðstoðarmenn og liðsmenn í flokkunum. Hann skal við störf sín bera einkennishúfu eða hjálm, og hefir rjett á að bera einkennisbúning eftir ákvæði brunamálanefndar.

10. gr.

Hreppsnefndin skipar slökkviliðsstjóra til 3 ára í senn og aðstoðarmann, er að öllu leyti gengur í hans stað, þegar hann er eigi viðstaddur.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri má ekki fara í burtu úr hreppnum, nema hann tilkynni það lögreglustjóra, og setji, auk aðstoðarmannsins, annan í sinn stað til vara. Sama regla gildir og fyrir yfirmann flokkanna.

12. gr.

Æfingar eldvarna- og slökkviliðsins ákveður slökkviliðsstjóri í samráði við sýslumann, og skal kvatt til þeirra með venjulegu brunakalli, en brunamálanefndin ákveður og auglýsir, hvernig brunakalli skuli hagað.

13. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20 til 60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í hreppnum, að undanskildum presti, lækni, lyfsala og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sjeu ófærir til vinnu, eru skyldir til að taka þátt í störfum eldvarna- og slökkviliðsins. Hver sá, er eigi mætir tafarlaust á vettvangi, þegar er brunakall er hafið, eða sýnir óhlýðni eða mótþróa gegn fyrirskipunum yfirmanns, skal sæta sektum eftir þessari reglugjörð. Við æfingar skal þó að jafnaði eigi beita hærri sektum en 10 kr., nema brot sje ítrekað eða sjerstakar ástæður sjeu til.

14. gr.

Brot gegn þessari reglugjörð varða sektum alt að 20 kr., þar sem eigi er öðruvísi ákveðið. Sektir renni í sveitarsjóð. Verði stofnaður styrktar- og verðlauna sjóður fyrir eldvarna- og slökkvilið Vestmannaeyja, skal úr hreppsjóði greiða tillag í þann sjóð, er samsvari upphæð sektanna.

Framanskráð reglugjörð er hjermeð sett, samkv. lögum nr. 85, 22. nóv. 9 1907, og tillögum hreppsnefndar Vestmannaeyjahrepps, til að öðlast gildi 15. febrúar 14. jan. 1914 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14. janúar 1914.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

10
10. febr.

fyrir eldvarna- og slökkvilið í Stykkishólmi.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kaптúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem formaður, slökkviliðsstjóri og 1 maður, sem hreppsnefndin kys til 3 ára í senn.

2. gr.

Brunamálanefnd skal hafa eftirlit með því að hlýtt sje fyrir mælum laganna um varnir gegn eldsvoða, og að eldvarnaráhöld sjeu útveguð og þeim haldið í góðu standi. Hún skipar fyrir um hið árlega eftirlit með eldstæðum og hreinsun reykháfa, og um varúð alla, er hafa skal í húsum til að fyrirbyggja eldsuppkomu.

3. gr.

Eldvarna- og slökkvilið skiftist í þessa flokka:

- I. Slökkvilið, er skiftist í:
 - a. Slökkvivjelalið.
 - b. Vatnsburðarlið.
- II. Húsrifs- og bjarglið.
- III. Lögreglulið.

Fyrir hvern flokk um sig skipar brunamálanefndin yfirmann, undirforingja, varamenn og aðstoðarmenn eftir þörfum. Hún ákveður tölu liðsmanna í hverjum flokki og skipar fyrir um merki, ef þurfa þykir.